

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
18. fundur þriðjudaginn 8. október 2019 kl. 9
Nefndasvið Alþingis.

FUNDARGERÐ

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Indriði B. Ármannsson (IBÁ). Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Ákvæði 103.-112. gr. um talningu atkvæða.

Búið er að endurskrifa ákvæði kaflans með einföldun að leiðarljósi. ÞV kynnir minnisblað um norrænan rétt um mat á gildi atkvæða. MKH kynnir minnisblað um norrænan rétt um talningu atkvæða og hver taki ákvörðun um hvar talið er.

Í yfirliti ACE Electoral Knowledge Network kemur fram að af 221 ríki á listanum telji 178 ríki atkvæði í þingkosningum á kjörstöðum (polling station/polling center). Aðeins 26 ríki á listanum telja atkvæði miðlægt, þar með talið Ísland. ÞHP tekur að sér að afla upplýsinga frá dómsmálaráðuneyti um fjölda kjörstaða við síðustu alþingiskosningar. MKH segir að í forsetakosningunum 2016 hafi kjörstaðir verið um það bil 130 en kjördeildir hafi verið yfir 220.

Ákveðið að leggja til í frumvarpi að talið verði á hverjum kjörstað í staðinn fyrir að yfirkjörstjórn sveitarfélags ákveði hvar talið verði. Athuga að kjörstaður getur verið heppilegur kjörstaður en ekki endilega heppilegur fyrir atkvæðatalningu þar sem krafa er um að talið verði fyrir opnum dyrum. Þegar sveitarstjórn velur kjörstað þarf hún að taka til greina að staðurinn sé einnig heppilegur fyrir talningu. Athuga einnig að vegna kosningarannsókna þurfa kjörstaðir að vera stöðugir milli kosninga til að vera samanburðahæfir. Rætt um að atkvæðatölur mega ekki birtast fyrr en kjörfundi hefur verið slitið, þ.e. kl. 21.

Rætt um hvort enn sé þörf á flokkun atkvæða áður en kjörfundi lýkur ef talið er á kjörstöðum. Heimildin nýtist helst í stærstum sveitarfélögunum. Ákveðið að halda inni í frumvarpi.

Rætt um ákvæði um talningu atkvæða verði truflun á notkun rafrænnar kjörskrá. Athuga þarf fyrirkomulag við eyðingu þessara kjörseðla og hvort lagaheimild þurfi þarna til eyðingar eða hvort reglugerðarákvæði sé nægjanlegt. Kjörstjórn mun skrá ráðstafanir gerðar vegna þessa ákvæðis í gerðabók, sbr. reglugerð þar um.

Ákveðið að PV geri tillögu að nýjum ákvæðum um mat á gildi atkvæða þar sem byggt er á fyrri reynslu með lagfæringum (snyrting en engin bylting). Áhugavert væri að prófa jákvæða nálgun eins og norsku lagaákvæðin eru sett upp. Ákveðið að greina á milli mats á gildi atkvæða sem greidd eru á kjörfundi og þeim sem greidd eru utankjörfundar. Auður seðill er ógildur seðill en á að tilgreina sérstaklega í niðurstöðum talningu. Ákveðið að bæta við reglugerðarheimild fyrir ráðherra svo hægt sé að veita frekari leiðbeiningar um mat á vafaatkvæðum (t.d. með myndum).

Rætt um 111. gr. frv. um lok talningar við alþingiskosningar. Umræða um breytta atkvæðaseðla, ágreiningsseðla og hlutverk Kosningastofnunar í þessu sambandi og yfirkjörstjórn sveitarfélaga. Ferillinn í öðrum kosningum en alþingiskosningum ætti að vera á þann veg að ágreiningsseðlar og vafaatkvæði komi til úrskurðar hjá yfirkjörstjórn sveitarfélags sem hægt væri að kæra til úrskurðarnefndar kosningamála. Ferill í alþingiskosningum ætti að vera á þann veg að ágreiningsseðlar og vafaatkvæði komi til úrskurðar hjá yfirkjörstjórn sveitarfélags en séu þaðan sendir til Kosningastofnunar sem sendir þá til Alþingis til úrskurðar ásamt umsögn sinni um niðurstöðu kosninganna, sbr. 137. gr. frv.

Rætt um að ekki þurfi að telja saman atkvæði niður á kjördæmi fyrir forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur.

3. Ákvæði 113.-120. gr. um úthlutun þingsæta á Alþingi.

Farið yfir ákvæði kafla og gerðar smávægilegar breytingar á orðalagi. Búið er að leggja til nýja 118. gr. frv. þar sem kjörbréf hafa verið felld brott. Í Danmörku, Noregi og Finnlandi eru gefin út kjörbréf til þingmanna en ekki í Svíþjóð.

4. Ákvæði 121.-123. gr. um kosningaúrslit sveitarstjórnarkosningar.

MKH bendir á að ákvæðum alþingiskosningalaga um áhrif breytinga á lista hafi verið breytt 2003 en ekki hafi verið gerðar samsvarandi breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna. Krafa Sambands íslenskra sveitarfélaga er að áhrif breytinga á lista við sveitarstjórnarkosningar verði hinar sömu og við alþingiskosningar. Ákveðið að lagfæra 122. gr. frv. þannig að sama reikniregla gildi.

Rætt um hugtökin bundin hlutfallskosning og hlutbundin kosning. Best færi á að nota það síðara í frumvarpinu samhliða hugtakinu óbundnar kosningar. Athuga verður úrskurð landskjörstjórnar í þessu tilliti til að samræming hugtaka verði ekki að efnisbreytingu fyrir mistök.

5. Ákvæði 124.-125. gr. um kosningaúrslit forsetakjörs.

Ákvæði um útgáfu kjörbréfs forseta Íslands hefur verið fellt brott. Rætt um hvort halda eigi útgáfu kjörbréfs forseta Íslands áfram þrátt fyrir að þau hafi verið felld niður fyrir alþingismenn og sveitarstjórnarfulltrúa. Ákveðið að kalla til fræðimenn á sviði stjórnskipunarréttar til skrafs og ráðagerðar að þessu leyti.

6. Ákvæði 126.-127. gr. um kosningaúrslit þjóðaratkvæðagreiðslna.

Rætt um hver skuli úrskurða um ágreiningsseðla í þjóðaratkvæðagreiðslum. Rætt hvort það samrýmist hlutverki Kosningastofnunar að úrskurða um ágreiningsseðla þegar hún hefur leiðbeiningar- og fræðsluskyldu gagnvart yfirkjörstjórnnum, ef til vill ekki við hæfi að hún úrskurði um gildi atkvæði. Í þessu sambandi verður að huga að því að hlutverk Kosningastofnunar í frumvarpi er breytt miðað við það hlutverk sem landskjörstjórn fer með í dag. Ákveðið að yfirkjörstjórn úrskurði um ágreiningsseðla en hægt verði að kæra þá ákvörðun til úrskurðarnefndar kosningamála. Hægt verður að lýsa úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar þó að úrskurðarnefnd hafi ekki úrskurðað um kærur um gildi þjóðaratkvæðagreiðslur.

7. Ákvæði 128.-129. gr. um frestun kosninga og uppkosningar.

Ákvæði hafa verið einfölduð töluvert frá fyrri útgáfu frumvarpsdraga. Hvað viðkemur frestun kosninga er ákveðið að í greinargerð skuli skýrt að undir óviðráðanlegar aðstæður geta fallið óveður, náttúruhamfarir, styrjaldir, kjörstaður brunninn o.s.frv. Rætt um kjörskrá og uppfærslu hennar ef kosningu er frestað. Almenna reglan er sú að hægt sé að gera breytingar á kjörskrá fram á kjördag. Ákveðið að sú regla gildi einnig ef fresta þarf kosningum, m.a. með vísan til aldursskilyrða kosningarréttar í stjórnarskrá og jafnræðisreglu. Þar sem unnið verður framvegis með rafræna kjörskrá eiga ekki við sömu sjónarmið um varðveislu kjörskrá verði kosningum frestað eins og áður.

Skýra í greinargerð að hugtakið uppkosning þýði í raun að kosið sé upp á nýtt. Þá þarf að endurtaka allt kosningaferlið; auglýsa kjördag, útbúa nýja kjörskrá, taka á móti framboðslistum o.s.frv.

8. Ákvæði 130. gr. um hagskýrslugerð.

Ákvæði hefur verið endurskoðað með hliðsjón af umsögn Hagstofu Íslands til starfshópsins frá 12. febrúar 2019. Ákvæði lagfært og ákveðið að taka yfirkjörstjórnir út þar sem Hagstofan mun fá aðgang að rafrænni kjörskrá eftir kosningar og getur þá unnið upplýsingar beint úr henni.

9. Ákvæði 131. gr. um óleyfilegan kosningaáróður og kosningaspjöll.

Rætt um að í ákvæðinu sé að finna mjög nákvæmar upptalningar á tilvikum sem eigi ekki lengur við. Rætt um að ákvæðið fjalli um rétt kjósanda til að vera í friði frá kosningaáróðri á kjörstað og snúi þannig að friðhelgi kjörfundarins. Rætt um skil þessa ákvæðis við vinnu nefndar forsætisráðherra um frumvarp til heildarlaga um starfsemi stjórn málasamtaka sem fjallar um óleyfilegan kosningaáróður. Ákveðið að samræma ákvæðið betur við refsíákvæði frumvarpsins, skýra það „Regla á kjörstað“, hafa nálgunina almennari og færa ákvæðið í kafla um atkvæðagreiðslu á kjörfundi eða kjörstaði. Ákvæði um kjörskrá getur farið í kafla frumvarpsins um kjörskrá.

10. Önnur mál.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 15. október 2019 kl. 9-12.

Fundi slitið kl. 14:50.